



Kaba

Kaba er mesti helgidómur múslima en kaba er arabíska og merkir teningur. Kaba er ferköntuð bygging inn í moskunnni Al-Masjid al-Ḥarām, í borginni Mekku.

Sagan segir að Adam hafi upphaflega byggt Kaba. Abraham og Ísmael áttu svo að hafa endurbyggt bygginguna eftir fyrirmælum Guðs. Fjögur horn kaba eiga að tákna höfuðáttirnar fjórar.



Al-Masjid al-Ḥarām er stærsta trúarbygging múslima í heimi. Hún er byggð yfir mesta helgidóm múslima, Kaba.

Englar eru himneskar verur eða góðir andar.

Pílagrímsför er ferðalag sem fólk fer í til helgra staða er tengjast átrúnaði þeirra. Fólk fer í slíkar ferðir til að styrkja trú sína meir eða til að sýna lotningu sína fyrir helgidóminum.

Í austurhorni Kaba er mjög sérstakur steinn. Sagan segir að Abraham hafi verið færður þessi steinn af engli en þá hafi steinninn verið mjallahvítur. Nú er steinninn svartur en hann er sagður hafa dökknað vegna synda manna. Guð fyrirskipaði að leggja ætti steinninn í austurhornið og er hann þar enn í dag. Þegar múslimar biðjast fyrir snúa þeir sér í átt til Kaba.

Fyrir daga Múhameðs var Kaba einnig helgur staður og komu ættbálkar, víðs vegar að, í pílagrímsför þangað árlega til að tilbiðja guði sína.

Spurningar

1. Hvað er Kaba og hvar er það?
2. Hverjir eiga að hafa byggt Kaba samvæmt islömskum sögum?
3. Hvers vegna er steinninn í austurhorni Kaba ekki lengur hvítur?